


LEIÐBEININGAR FYRIR GRÆNU TREKTINA



Trektin er skrúfuð á tóma plastflösku. Tappinn af plastflöskunni er geymdur í lokinu á trektinni. Ekki hella heitri olíu, fitu eða feiti í flöskuna. Þegar flaskan er orðin full er græna trektin fjarlægð og tappinn settur aftur á flöskuna.

Flaskan með olíunni er síðan sett framan við sorptunnu heimilisins og tilkynning með heimilisfangi og ósk um að flaskan verði sótt send á Gámapjónustu Norðurlands, **nordurland@gamar.is**, eða í síma **414 0200**.

Olíunni er líka hægt að skila á gámasvæði Akureyrarbæjar við Réttarhvamn.



OLÍU- OG FITURÍKUR ÚRGANGUR Á EKKI AÐ FARA Í FRÁVEITUKERFIÐ

Klósettið er **EKKI** ruslafata og í það á því ekki að henda hlutum eða hella í það olíu eða öðrum hættulegum efnum. Látum steikingarfeiti, feitar sósur, majónes, smjör og annað slíkt ekki í vaskinn eða klósettið, en þaðan rennur það í fráveituna. Komum því frekar í lífrænan úrgang eða til endurvinnslu ef við á og þar með í endurnotkun. Öll fita er slæm fyrir fráveitukerfið og búnað þess. Hún stíflar leiðslur og hefur slæm áhrif á dælur og annan slíkan búnað.



VISTORKA

VISTORKA EHF. | RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | 670515 0950 | vistorka.is